

verið, sbr. rskj. nr. 5. Af þessu leiðir, að draga ber frá hinni álögðu útsvarsupphæð þær kr. 291.280.00, sem lagðar hafa verið hér á umrædda starfsemi gerðarpola á Keflavíkurflugvelli (sbr. rskj. nr. 5), en sú tala hefur eigi verið véfengd í málinu. Annan og meiri frádrátt frá hinni álögðu útsvarsupphæð leiðir og af þessu, en það skiptir eigi máli um úrslit málsins og því óþarft að rekja það nánar, þar eð gerðarþoli hefur, að frádregnum fyrrgreindum kr. 291.280.00, greitt að fullu það útsvar, sem honum bar samkvæmt framangreindu, og vel það.

Samkvæmt framanskráðu þykir því verða að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi fram að ganga.
Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 25. apríl 1961.

Nr. 72/1961. **Eyjólfur K. Jónsson**

gegn

Inga R. Helgasyni.

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Halldórsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 1. apríl 1961, sem Hæstarétti barst 6. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, er upp var kveðinn 28. marz 1961 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að úrskurður stjórnar lögmannafélagsins verði ómerktur og málinu vísað frá félagsstjórninni.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands verði staðfestur.

Akvæði 8. gr. laga nr. 61/1942 veita eigi heimild til að skjóta til Hæstaréttar sér í lagi úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, þar sem hún tekur mál til efnismeðferðar. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaðar hefur eigi verið krafizt, og fellur hann því niður.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 28. marz 1961.

Ágreiningsmál þetta, sem tekið var til úrskurðar eftir munnlegan málflutning 24. marz s.l., hefur Ingi R. Helgason héraðsdómslögmaður borið undir stjórn félagsins með bréfi 13. febrúar s.l., og gerir hann þær kröfur, að félagsstjórnin reyni að fá varnaraðilja til að bera til baka fregn, er birtist í Morgunblaðinu 12. febrúar 1961, og biðja sig afsökunar að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 18. gr. siðareglna Lögmannafélags Íslands.

Varnaraðili hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði frávísað, en til vara sýknu af kröfum sóknaraðilja.

Málavextir eru sem hér segir:

Sunnudaginn 12. febrúar s.l. birtist svohljóðandi forsíðugrein í Morgunblaðinu:

„Fjádráttur í Kommúnistaflokknum.

Framkv.stjóranum vikið frá.

Undanfarnar vikur hefur legið á grunur um, að ekki væri allt með felldu í fjármálum Sósíalistaflokksins, sameiningarflokks alþýðu, enda er nú komið á daginn, að þar hefur verið mikil fjármálaóreiða, og nú síðast hefur komizt upp um fjádrátt. Við athugun hefur komið í ljós, að fjádráttur þessi nemur 400 þús. krónum.

Guðmundur tekur við.

Í sambandi við rannsóknir á máli þessu hefur Inga R. Helgason verið vikið úr starfi sem framkvæmdastjóra flokksins og Guðmundur Vigfússon tekið við. Eggert Þorbjarnarson hefur verið fenginn til að athuga og endurskoða fjármálaóreiðu flokksins.

Útvega peninga.

Að lokum skal geta þess, að Mbl. hefur aflað sér upplýsinga um, að Ægi Ólafssyni, sem rekur heildverzlun kommúnista, Marz Trading Company, hafi verið falið að útvega fé það, sem á vantar í sjóði flokksins vegna óreiðunnar.“

Sóknaraðili skýrir svo frá, að sér hafi brugðið mjög, er hann las frásögn þessa að morgni 12. febrúar. Kveðst hann hafa náð fljótlega tali af Sigurði Bjarnasyni, ritstjóra Morgunblaðsins, og spurt hann, hvernig á fregn þessari stæði. Sigurður hafi svarað því til, að hann hafi ekki verið á laugardagsvaktinni og aðeins lesið fregnina í blaðinu, eins og sóknaraðili, en hann mundi athuga málið. Síðar um daginn kveðst sóknaraðili hafa náð tali af varnaraðilja, Eyjólf Konráð Jónssyni. Skýrir sóknaraðili svo frá, að varnaraðili hafi sagt það rétt vera, að hann hefði sett frétt þessa í blaðið, og talið sig hafa hana eftir góðum heimildum, sem hann hafi þó ekki viljað tilgreina. Kveðst sóknaraðili hafa bent varnaraðilja á að spyrja ýmsa forystumenn Sósíalistasflokksins um það, hvort nokkrir fjármunir hefðu horfið og hver væri framkvæmdastjóri flokksins. Hafi varnaraðili talið þetta óþarfa, en sagt við sig, að hann skyldi hringja í hann daginn eftir, því að hann þyrfti að tala við sína menn.

Kveðst sóknaraðili daginn eftir hafa náð tali „af ritstjórninni“ og krafizt þess, að hún aflaði sér án tafar upplýsinga um sannleiksgildi þessarar fregnar hjá réttum aðiljum og birti síðan leiðréttingu í þriðjudagsblaðinu og bæði sig afsökunar.

Í þriðjudagsblaði Morgunblaðsins, á annarri síðu, var birt yfirlýsing frá tveimur mönnum f. h. framkvæmdanefndar Sósíalistasflokksins, og segir þar, að umrædd skrif Morgunblaðsins séu með öllu tilhæfulaus ósannindi.

Varnaraðili hefur skýrt svo frá, að sóknaraðili hafi fyrst umrætt sunnudagskvöld og síðan fyrir hádegi á mánudaginn lengi rætt við sig í vinsemd um þessa frétt Morgunblaðsins. Hafi hann mælt til þess, að Morgunblaðið bæri fréttina til baka, þar sem hún væri röng og engin fjármálaóreiða væri né hefði verið í Sósíalistaflokknum. Kveðst varnaraðili að athuguðu máli hafa tjáð sóknaraðilja, að slíka tilkynningu gæti Morgunblaðið ekki birt, þar sem blaðið teldi heimildir sínar fyrir fréttinni öruggar, að því er fjármálaóreiðuna varðaði, og hefðu fullyrðingar sóknaraðilja í því efni ekki breytt skoðun ritstjórnarinnar. Hins vegar kveðst varnaraðili hafa tjáð sóknaraðilja, að ritstjórnin vildi fúslega undirstrika, að sóknaraðilja væri ekki borinn á brýn fjárdráttur og leiðrétta það mishermi, að hann hefði vikið sem

framkvæmdastjóri flokksins í sambandi við rannsókn þess máls. Þó væri vart hægt að komast hjá því að geta þess, sem þá hafði frétt og sóknaraðili staðfest í samtali, að sóknaraðili hefði látið af ákveðnum störfum, sem vörðuðu fjármál Sósíalista-flokksins. Segir varnaraðili, að þeir hafi rætt þetta mál allmikið, og kveðst varnaraðili hafa vakið máls á því, að hann teldi slíka leiðréttingu ekki til þess fallna að bæta aðstöðu sóknaraðilja, hún myndi fremur vekja tortryggni. Segir varnaraðili, að sóknaraðili hafi verið sér sammála um þetta og óskað þess, að slík leiðrétting yrði ekki birt.

Á fundi með stjórn félagsins var sóknaraðili inntur að því, hvort hann sætti sig við þau úrslit þessa máls, að varnaraðili eða ritstjórn Morgunblaðsins birti yfirlýsingu þess efnis, að honum væri ekki borinn fjárdráttur á brýn, og leiðrétti það mishermi, að hann hefði vikið sem framkvæmdastjóri flokksins í sambandi við rannsókn þess máls. Svaraði sóknaraðili þessu játandi með þeirri viðbót, að ánægjulegt væri að sjá einnig af-sökunarbeiðni, en þó sé það ekki skilyrði.

Varnaraðili, sem var á þessum sama fundi og hlustaði á það, sem fram fór, hélt aftur á móti fast við frávísunarkröfu sína, þar sem mál þetta heyri ekki undir Lögmannafélag Íslands.

Stjórnin innti varnaraðilja eftir því á þessum fundi, hvort hann hefði skrifað umrædda grein eða látið setja hana í blaðið.

Varnaraðili neitaði að tjá sig frekar um þetta efni á þessu stigi málsins, þar sem hann hefði gert frávísunarkröfu sína á þeim grundvelli, að starf hans sem ritstjóra Morgunblaðsins og starf sóknaraðilja sem framkvæmdastjóra Sósíalistaflokksins heyrði ekki undir Lögmannafélag Íslands.

Sátt var reynd með aðiljum, en varð árangurslaus.

Varnaraðili byggir frávísunarkröfu sína á því, eins og að framan greinir, að ritstjórastarf hans sé óviðkomandi Lögmannafélagi Íslands, og vísaði hann um það efni til 8. gr. laga nr. 61/1942, til 11. gr. samþykktu félagsins og 11., 17. og 18. gr. siðareglna félagsins. Telur varnaraðili, að með orðalagi 8. gr. laga nr. 61/1942 sé eingöngu átt við brot í lögmannsstarfi, og valdsvið félagsstjórnar geti ekki náð til háttsemi lögmanna í öðrum störfum, svo sem ritstjórnarstarfi hans, þótt hann sem slíkur ætti í deilum við aðra lögmenn. Við munnlegan flutning málsins tók varnaraðili það skýrt fram, að á þessu stigi vildi hann ekki neita því að hafa skrifað umrædda grein, en hann myndi ekkert upplýsa um það, fyrr en úrskurður um frávísunar-

kröfu hans lægi fyrir. Jafnframt tók hann það fram, að hann óskaði ekki, að málinu væri frávísað vegna þess, að ósannað væri talið, hver hefði skrifað margnefnda grein.

Sóknaraðili heldur því fram, að hann og varnaraðili séu báðir meðlimir í Lögmannafélagi Íslands og því bundnir af siðareglum félagsins í samskiptum sínum, hvað sem líði öðrum verkefnum þeirra. Þriðji kafli siðareglanna fjalli um skyldur lögmannna gagnvart stéttarbræðrum sínum. Ein af þessum skyldum sé að forðast að valda hver öðrum álitsspjöllum umfram mál efni. Þessi skylda hljóti að hvíla á lögmonnum jafnt fyrir rétti sem utanréttar og jafnt fyrir það, hvort lögmaðurinn sé að sinna einhverjum öðrum störfum við hliðina á málflutningsstarfi sínu. Áburðurinn á sig í greininni um stórkostlegan fjárdrátt sé mjög álitsspillandi fyrir sig sem lögmann og falli því undir 11. grein siðareglanna, ef lögmaður stendur fyrir honum.

Í 11. gr. siðareglna LMFÍ segir: „Lögmaður má einungis hafa uppi gagnrýni á störfum annars lögmanns á málefnalegum grundvelli og skal forðast að valda honum álitsspjöllum umfram það, sem málefnið gefur ástæðu til.“ Þá hefur varnaraðili í skjali nr. 3 tekið fram, að ritstjórn Morgunblaðsins vildi fúslega undirstríka, að sóknaraðilja væri ekki borinn fjárdráttur á brýn, og leiðréttu það mishermi, að hann hefði vikið sem framkvæmdastjóri flokks síns í sambandi við rannsókn þess máls. En ljóst er við lestur greinarinnar í Morgunblaðinu, að orðalag hennar verður naumast skilið öðruvísi en sóknaraðilja sé þar einmitt borinn á brýn stórfelldur fjárdráttur. Þegar þess er gætt, að fjárgæzla og eignaumsýsla er mjög mikilvægur þáttur í starfi hvers lögmanns og að fjárdráttur, sem borinn er á lögmann í einu tilviki, verður ekki aðskilinn frá áreiðanleik hans við eignaumsýslu almennt, þá telur stjórnin, að sóknaraðilja hafi sem lögmanni verið með nefndri grein valdið mjög verulegum álitsspjöllum. Lítur stjórnin svo á, að lögmaður, sem valdur kynni að vera að slíkum álitsspjöllum í garð annars lögmanns, geti ekki komið sér undan siðareglum félagsins, sbr. 8. gr. laga nr. 61/ 1942 og 11. gr. félagssamþykktanna, með því að bera það fyrir sig, að hann hafi valdið álitsspjöllum í annari veru en sem lögmaður.

Með hliðsjón af þessu verður frávísunarkrafa varnaraðilja ekki tekin til greina.

Ályktarorð:

Frávísunarkrafa varnaraðilja, Eyjólfss Konráðs Jónssonar, verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 26. apríl 1961.

Nr. 132/1960. **Trygging h/f** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Marz h/f (Haukur Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Vátryggingarsamningur.

Dómur Hæstarétta.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstarétta með stefnu 18. júlí 1960 og krafist þess, að honum verði dæmd sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, tókst áfrýjandi á hendur með samningi 1. febrúar 1955 að tryggja stefnda um fimm ár gegn þeirri einkaréttarábyrgð, sem hvíldi á honum sem atvinnurekanda við útgerð b/v Marz, með tryggingarfé allt að kr. 1.000.000.00, þó með tilgreindum takmörkunum. Stefndi greiddi ársiðgjöld, sem féllu í gjalddaga 1. febrúar árin 1955, 1956, 1957 og 1958. Hinn 31. október 1958 sagði áfrýjandi upp tryggingarsamningi aðilja frá 15. nóvember 1958 að telja með tilvísun til 2. mgr. 10. gr. tryggingarskilmálanna, þar sem honum var m. a. veitt heimild til að segja tryggingunni upp með 14 daga fyrirvara, þá er stórfelld lákkun verður á kaupmætti íslenzkrar krónu, hvort sem hún stafar af gengislákkun eða öðrum orsökum.